

Skýrsla formanns Betadeildar fyrir aðalfund DKG 2014.

Starf nýrrar stjórnar hófst í ágúst 2012 þegar hún kom saman og gerði drög að starfsáætlun vetrar. Jafnframt ákvað stjórn hvert þema stjórnar næstu tvö árin yrði en það er "Konur fræða konur" og er kveikjan að þessu þema 7. markmið landssamtakana "Að fræða félaga um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámálum og menntámálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna."

Vetrarstarf Betadeildar 2012 – 2013 hófst 6. september með haustferð um Akureyri. Sú skemmtilega hefð hefur skapast að hefja vetrarstarfið á haustferð til að þjappa konum saman fyrir veturinn og varð fyrir valinu að fara á slóðir hernámsins hér í næsta nágrenni. Farið var með rútu um Akureyri og nágrenni og skoðaðir staðir þar sem herinn hafði aðsetur á hernámsárunum. Fararstjóri var Gunnar Bergur Árnason faðir Ernu Gunnarsdóttur. Var þetta mjög fróðleg og skemmtileg ferð og merkilegt hvað margar af minjum hernámsáranna standa enn. Ferðin endaði á því að keyrt var fram í Eyjafjarðarsveit á grænmetisveitingastaðinn Silvu og borðað þar. Einnig voru drög að vetrardagskránni voru kynnt og samþykkt af deild.

Októberfundur var 1. október í Naustaskóla. Dagskrá var undirbúin af stjórn og voru menntamál í brennidepli. Gestur fundarins var Laufey Petrea Magnúsdóttir þáverandi skólameistari Framhaldsskólans á Húsavík. Laufey Petrea hefur starfað á öllum skólastigum nema grunnskóla. Hún talaði um menntamál í viðum skilningi út frá sjónarhóli konu, sagði frá reynslu sinni og sýn hennar á skólasamfélagið. Í lokin fengu konur tækifæri til að koma með spurningar til Laufeyjar Petreu og vangaveltur varðandi erindi hennar.

Nóvemberfundur var 1. nóvember í Brekkuskóla. Dagskrá var undirbúin af stjórn og voru efnahagsmál í brennidepli. Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri í Grýtubakkahreppi og Grenivík kom og talaði um efnahagsmál. Guðný hefur verið sveitastjóri í 25 ár og á þessum 25 árum hefur hún aldrei fundið fyrir því á sveitarstjórnarmönnum að þeim finnist erfitt að hafa konu í brúnni. Talaði Guðný vítt og breytt um efnahagsmál s.s. um skattahækkanir, svartamarkaðsbrask, „snjóhengjur“, EFTA, sjávarútveginn, unga fólkið og skuldir heimilanna, neyðarlög og olíu við Grænland svo eitthvað sé nefnt. Eftir fyrirlesturinn sköpuðust góðar umræður. Einnig var kynning frá útbreiðslunefnd en nefndin kynnti drög að verklagsreglum þegar velja á nýjar konur í Beta deild.

Mýdeild bauð Betadeild á jólafund sem haldinn var í VMA 29. nóvember og sá stjórn Mýdeildar alfarið um skipulag.

Janúarfundur var haldinn 8. janúar heima hjá Ingibjörgu Auðuns og var þetta bókafundur þar sem konur segja frá áhugaverðum bókum sem þær hafa lesið. Dagskrá var undirbúin af undirbúningsnefnd en í veturinn 2011 - 2012 var tekið upp það fyrirkomulag að allar Betasystur taki þátt í að undirbúa fundi og stjórna þeim. Þá næst að virkja alla í deildinni, konur kynnast betur, fleiri hugmyndir koma fram um efni á fundum og þær fá þjálfun í að undirbúa og stjórna fundum.

Febrúarfundur var 11. febrúar í MA. Dagskrá var undirbúin af undirbúningsnefnd og kom Bryndís Óskarsdóttir sem rekur ferðapjónustu í Skjaldavík í Eyjafirði og sagði frá tilurð fyrirtækis síns. Einnig voru útbreiðslumál rædd.

Marsfundur var 12. mars í Laxdalshúsi sem er elsta hús bæjarins. Þetta var óhefðbundinn fundur þar sem rætt var um tvær ákveðnar bækur. Dagskrá var undirbúin af undirbúningsnefnd.

Aprílfundur var 10. apríl í Glerárskóla. Dagskrá var undirbúin af undirbúningsnefnd og sagði Halldóra Haraldsdóttir félagi í Betadeild frá nýafstaðinni ferð sinni til Laos í máli og myndum.

Þetta starfsár kom Betadeild níu sinnum saman og stjórn hélt sjö stjórnarfundum en sú nýbreytni var tekin upp að stjórn undirbjó tvo fundi, bókafund og leshring með tölvusamskiptum en þetta voru fundir sem undirbúningsnefndir skiplögðu.

19. september 2013 hófst seinna starfsár stjórnar með haustferð líkt og fyrri ár. Dagskrá var undirbúin af stjórn. Farið var með rútu til Húsavíkur þar sem Design factory í eigu Arnhildar Pámadóttur var skoðað. Þessi staður er vísir að FABLAB. Einnig var handverkshúsið Kaðlín heimsótt og handverk og varningur þar skoðaður. Eftir þessar kynningar tóku þær Betasystur Hanna og Guðrún á móti félagskonum með dýrindis veitingum. Eftir ánægjulega stund heima hjá Hönnu var farið á Gamla bauk þar sem dýrindis matur var borinn á borð. Á þessum fundi voru starfsreglur vegna inntöku nýrra kvenna endanlega samþykktar. 18 konur mættu á þennan fund.

Októberfundur var haldinn í Brekkuskóla 22. október. Dagskrá var undirbúin af stjórn og var gestur fundarins Svanfríður Jónasdóttir sem fjallaði um stjórnsmál og félagsmál en hún var síðasti gestur stjórnar undir heitinu Konur fræða konur. Svanfríður kom inn á marga þætti. M.a. talaði hún um "opinbera kerfið" og "óopinbera kerfið". Í því samhengi sagði hún frá Kvenfélaginu Tilraun í Svarfaðardal sem er 100 ára um þessar mundir. Þegar kvenfélögin á Íslandi voru upp á sitt besta má segja að þau hafi þau verið Almannatryggingakerfi. Kvenfélögin sáu m.a. um hjálp við bágstadda, heimilishjálp og fæðingarhjálp. Svanfríður talaði einnig um að konur hafi þurft að berjast fyrir rétti sínum til menntunar og einnig fyrir lagalegum réttindum sínum s.s til fæðingarorlofs, fóstureyðinga og hjúskaparlaga. Hún hvetur konur sem vilja láta til sín taka og koma sínum málefnum á framfæri í samfélaginu að komast í sveitastjórnir. Þar geta þær haft áhrif á þeim málefnum sem oftast brenna á þeim, þ.e. málefnum fjölskyldna, leikskóla og grunnskóla. Eftir erindi Svanfríðar gafst tækifæri til spurninga. 20 konur mættu í Brekkuskóla.

3. desember var sameiginlegur jólafundur Mýdeildar og Betadeildar haldinn í VMA og skipulögðu báðar stjórnir þennan fund og lögðu til veitingar. Ákveðið hefur verið að framvegis haldi þessar tvær deildir jólafundi sína sameiginlega. Petrea Óskarsdóttir og Ásdís Arnardóttir spiluðu á selló og þverflautu nokkur falleg jólalög. Þorgerður, Halldóra, María og Eygló í Betadeild sögðu frá reynslu sinni af því að sækja landssambands- og Evrópuþing Delta Kappa Gamma. Var það mjög fróðlegt og hvöttu þær félagskonur eindregið til að mæta á þing. Dagbjörg Ásgeirsdóttir í Mýdeild las þvínæst upp úr nýútkominni bók sinni sem heitir Gummi fer í fjöruferð, en hún er þriðja

barnabók höfundar. Ragnheiður Júlíusdóttir úr Mýdeild og María Gunnarsdóttir úr Betadeild sungu nokkur jólalög og fundargestir tóku undir með þeim. Að lokun kom Zane Brikovska frá Lettlandi og sagði frá jólahaldinu í sínu heimalandi.

Janúarfundur var haldinn 14. janúar og var hann annað árið í röð á heimili Ingibjargar Auðuns. Undirbúningsnefnd sá um skipulagningu þessa fundar. Samkvæmt venju var þetta bókafundur og sögðu konur frá einni bók sem þær höfðu lesið. 19 konur mættu á þennan fund.

Febrúarfundur var haldinn 10. febrúar í Hrafnagilsskóla og sá undirbúningsnefnd um skipulagningu fundar. Gestur fundarins var Erla Björg Guðmundsdóttir frá Símei og sagði hún frá starfsemi Símei sem vex ár frá ári. Erla fór vítt og breytt yfir starfseminna þar. 18 konur mættu á fundinn.

Marsfundur var haldinn 12. mars og sá undirbúningsnefnd um skipulagningu fundar. Þetta var óhefðbundinn leshringsfundur sem haldinn var á Icelandair hótelinu. Bækurnar „Í trúnaði“ eftir Héléne Gremillon og „Mánasteinn“ eftir Sjöfn voru ræddar. 20 konur mættu á fundinn.

Aprílfundur var haldinn 7. apríl og sá undirbúningsnefnd um skipulagningu fundar. Fundurinn hófst í húsnæði HA þar sem venjuleg fundarstörf fóru fram. Í lok fundar var farið í Freyjulund þar sem listamennirnir Aðalheiður Eysteinsdóttir og Jón Laxdal búa. Aðalheiður var með kynningu á starfi og verkum þeirra hjóna og bæði í upphafi og í lok heimsóknar gafst tækifæri til að skoða verkin sem fylla sali Freyjulundar.

Vorþing Delta Kappa Gamma var haldið 10. maí á Ísafirði og fóru níu Betasystur og fjórar Mýsystur saman á þingið. Dagskráin var fróðleg en yfirskrift dagsins var Skóli á nýjum tímum, lýðræði, sköpun, tækni. Auk erindanna voru glæsileg tónlistaratriði frá heimamönnum.

Maífundur er svo haldinn núna í kvöld, 16. maí og er það síðasti fundur þessarar stjórnar sem sá um skipulagningu. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa er inntaka félagskonu auk annarra mála.

Þetta starfsár kom Betadeild saman í átta skipti og stjórn hélt sex stjórnarfundum en áfram var því fyrirkomulagi haldið að stjórn undirbjó tvo fundi, bókafund og leshring með tölvusamskiptum. Þetta voru fundir sem undirbúningsnefndir skipulögðu.

Stærsta málið þessi tvö ár stjórnar var samþykkt nýrra starfsreglna vegna inntöku í deildina en allt frá vorfundi 2011 voru ekki allar félagskonur sáttar með hvernig staðið var að inntöku nýrra félagskvenna. Nú er búið að samþykkja starfsreglur sem breytt var aðeins frá lokatillögu útbreiðslunefndar. Vonandi verður góð sátt um starfsreglurnar þó hluti deildar hafi viljað hafa þær á annan veg. Aðalmálið er að almenn sátt náist í deildinni og að tækifæri gefist til að fjölga konum og styrkja deildina um leið.

Fríða Pétursdóttir og Sigríður Magnúsdóttir sitja fyrir hönd Betadeildar í samskipta og útgáfunefnd ásamt tveimur konum úr Mý deild. Eygló Björnsdóttir er vefstjóri fyrir landssamtökin, Betadeild og Evrópudeild DKG. Ingibjörg Auðuns er í uppstillinganefnd og Þorgerður Sigurðardóttir er í stjórn

Landsambandsins og er ritari þar til 2015. Því er óhætt að segja að Betadeild leggi sitt af mörkum til Landsambandsins.

Nefndir sem starfa innan Betadeildar eru útbreiðslunefnd en í henni sitja Friðla Pétursdóttir og Rósa K. Júlíusdóttir, einnig var Ingibjörg Auðuns í þeirri nefnd í byrjun starfstíma nefndarinnar. Í uppstillingarnefnd eru Aníta Jónsdóttir, Minnie Eggertsdóttir og Ragnheiður Stefánsdóttir. Í stjórn Elísabetarsjóðs sitja þær Anna Þóra Baldursdóttir og Jóhanna Þorsteinsdóttir.

Tvær félagskonur létust á starfstíma þessarar stjórnar. Þórunn Bergsdóttir lést í maí 2013 og Margrét Albertsdóttir lést í febrúar 2014. Haldin var stutt minningarstund á fundum Betadeildar til að minnast þeirra.

Tvær konur fluttust í Betadeild, það eru Minnie Eggertsdóttir sem kom úr Kappa og Martha Lilja Olsen sem kom úr Iotadeild. Nýjasta félagskonan er svo Herdís Anna Friðfinnsdóttir sem gekk í samtökin núna í kvöld. Félagskonur eru því þessa stundina 28 talsins.

Helstu nýjungarnar þessi árin voru þau að stjórn hélt áfram að virkja konur til starfa með skipan undirbúningsnefnda. Einnig með því að láta stjórnarmeðlimi skiptast á um að halda stjórnarfundum á heimilum sínum en áður sá formaður eingöngu um að halda fundum og svo það allra nýjasta sem stjórn vill leggja til á eftir en það er breyting varðandi afmælisgjafir til Betasystra. Það skýrist betur á eftir.

Áður en ég lýk þessari skýrslu minni langar mig að segja að þessi tvö ár sem formaður deildarinnar hafa gefið mér meira en ég bjóst við. Vissulega er það mun meira starf en ég nokkurn tímann gerði mér grein fyrir í upphafi en kostirnir eru meiri en ókostirnir. Mér finnst ég bæði tengdari ykkur öllum í deildinni þar sem ég hef haft öðruvísi samskipti við ykkur en ég hefði annars haft. Ég er búin að fá ýmis ráð, leiðbeiningar og leiðréttingar á því sem ég hef verið að gera, sum þessara ráða voru mjög hjálpleg en þó er mikilvægt að nýir formenn deilda fái að gera mistök og ég tel mikilvægt að með nýju fólki fái líka nýir straumar að berast inn í samtökin. Finna þarf jafnvægi á milli þess að halda í hefðir og að leyfa nýjum hugmyndum að vaxa og þróast.

Mér finnst ég líka þekkja betur til samtakana sjálfra og hvernig þau virka í raun. Þetta er ómetanlegt og ég hvet þær konur sem ekki hafa verið í stjórn til að vera óhræddar að segja já ef leitað er til þeirra varðandi setu í stjórn.

En ég segi takk til ykkar fyrir að treysta mér- unganum fyrir deildinni okkar.

Að lokum vil ég þakka þeim Björk, Maríu, Ernu og Möggu fyrir bæði mjög gott og skemmtilegt samstarf og síðast en ekki síst vil ég þakka Þorgerði sérstaklega fyrir þann stuðning sem hún veitti mér sem fráfaramandi formaður í stjórninni. Það var ómetanlegt að geta leitað til hennar þegar ég vissi hvorki upp né niður og ég vona innilega að ég geti stutt nýjan formann eins vel og rækilega og Þorgerður gerði fyrir mig.

Fyrir hönd stjórnar Betadeildar 2012-2014

Jónína Hauksdóttir formaður

Netfang joninahauks@gmail.com Farsími 692-6555